

## Tillaga til 430. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 24. janúar 2019

Tillaga 1046. fundar bæjarráðs um að sett verði á laggirnar byggingarnefnd fyrir framtíðarskipulagningu íþróttamannvirkja á Ísafirði.

### 4. Framtíðarskipulag íþróttamannvirkja á Ísafirði - 2015020087

Marzellíus Sveinbjörnsson og Daníel Jakobsson fulltrúar meirihluta í bæjarráði leggja til að sett verði á laggirnar byggingarnefnd fyrir líkamsrækt og sundlaug á Torfnesi. Verkefni nefndarinnar væri að láta grófhanna líkamsræktar- og sundlaugaraðstöðu við Íþróttahúsið á Torfnesi á grundvelli þarfagreiningar um líkamsræktarstöð sem nú liggur fyrir og í samráði við HSV og aðra hagsmunaaðila.

Í hópnum yrðu þrír aðilar skipaðir af bæjarstjórn. Að auki verði HSV boðið að skipa einn áheyrnarfulltrúa. Starfsmenn nefndarinnar yrðu sviðsstjóri skóla- og tólmundastöðs og umhverfis- og eignastöðs eða fulltrúar af þeim sviðum eftir atvikum.

Greinargerð:

Fyrir liggur að á fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 10 m.kr. í hönnun og skipulag á Torfnessvæðinu. Nú liggur fyrir að fjölnota íþróttahús verður byggt á gervigrasvelli og núverandi keppnisvöllur er við nýbyggða stúku. Vilji Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er að koma upp í áföngum á næsta áratug líkamsræktaraðstöðu og sundlaug sem tengd er íþróttahúsinu á Torfnesi þannig að þar verði sannkölluð íþróttamiðstöð. Skoða þarf einnig aðra starfsemi í húsinu s.s. hvað varðar geymsluaðstöðu, eldhús og aðra þjónustu í húsinu. Horft verði til þess sérstaklega að hægt sé að áfangaskipta verkinu.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að sett verði á laggirnar byggingarnefnd fyrir framtíðarskipulagningu íþróttamannvirkja á Ísafirði.*